

Góðan dag

Meðfylgjandi bókun var samþykkt á fundi byggðarráðs Borgarbyggðar á fundi þess í morgun, fimmtudaginn 21. Mars 2019 vegna máls nr. 647 sem sent var til umsagnar frá nefndasviði Alþingis.

Þetta tilkynnist hér með.

Gunnlaugur Júlíusson sveitarstjóri

Byggðarráð Borgarbyggðar hvetur Alþingi til að gera nauðsynlegar endurbætur á frumvarpi um breytingar á lögum um fiskeldi, sem það hefur nú til meðferðar, svo tryggt verði að lífsafkomu íbúa á þeim svæðum landsins, þar sem virði laxveiðiáa skiptir verulegu máli í viðhaldi búsetu og afkomu almennings, verði ekki ógnað. Á Vesturlandi nær starfsemi veiðifélaga og veiðifélagsdeilda til 620 lögbýla. Á Vesturlandi eru tekjur veiðifélaga og veiðiréttarhafa um þriðjungur af öllum slíkum tekjum á landinu. Þar fyrir utan er margvísleg afleidd þjónusta í tengslum við laxveiði sem skapar tekjur og lífsviðurværi fyrir íbúa sveitarfélagsins. Í Borgarbyggð einni er að finna nokkar af verðmætustu laxveiðiám landsins. Því er það gríðarlegt hagsmunamál fyrir Borgarbyggð og nærsveitir á Vesturlandi að tekið sé mið af þýðingu villtra laxastofna fyrir afkomu íbúanna og búsetuskilyrðum í héraðinu þegar Alþingi fjallar um frumvarp til laga um fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.). Sjálfbær nýting íslenskra laxa- og silungastofna er ein meginstoð landbúnaðar í Borgarbyggð.

Samkvæmt nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans eru 69% af launakostnaði og hagnaði í landbúnaði á Vesturlandi vegna tekna stangveiði. Þegar lagt er mat á þessa stöðu fyrir landið í heild sinni er þetta hlutfall 28%. Sjókvíaelði á frjóum norskum laxi er ógn við verðmæti sem hafa verið varðveitt í margar kynslóðir á lögbýlum landsins. Ef þessi tekjustofn laskast eða hverfur mun það hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í búsetu í dreifðum byggðum sveitarfélagsins. Útsvars- og fasteignaskattar margra sveitarfélaga í laxveiðihéruðum Íslands geta skerst verulega ef svo skyldi fara, með alvarlegum afleiðingum fyrir þessi samfélög.

Efni þess frumvarps til laga um fiskeldi, sem nú liggur fyrir Alþingi, samræmist ekki þeirri markmiðsyfirlýsingu sem kemur fram í 2. mgr. 1. gr. núgildandi fiskeldislaga og felur í sér að vöxtur og viðgangur fiskeldis megi ekki gerast á kostnað viðgangs og nýtingar villtra fiskstofna. Í athugasemdum frumvarpsins sem varð að lögum nr. 71/2008 er sérstaklega tekið fram að þegar ekki fara saman hagsmunir þeirra sem eiga veiðirétt samkvæmt lax- og silungsveiðilögum og hins vegar hagsmunir þeirra sem stunda fiskeldi eigi þeir síðarnefndu að víkja.

Ekkert samráð hefur verið haft við sveitarfélög þar sem stór hluti íbúa á lífsafkomu sína að stóru eða öllu leyti undir tekjum af veiðihlunnindum. Alþingi verður að grípa í taumana og forða afleiðingum þess að tugmilljónir laxa af framandi stofni verði hafðir í netpokum við strendur landsins með tilheyrandi hættu á sleppingarslysum. Í því samhengi er rétt að minna á að Erfðanefnd landbúnaðarins telur að áætlanir um stóraukið laxeldi í sjókvíum hafi ófyrirséðar afleiðingar og ráðleggur stöðvun á útgáfu leyfa.

"Í þessu sambandi er eðlilegt að líta til reynslu Norðmanna en þar er lagt bann við notkun á laxastofnum frá öðrum löndum í fiskeldi.

Byggðarráð Borgarbyggðar ítrekar mikilvægi þess að gætt sé fyllstu varfærni í því að auka fiskeldi í sjó þannig að ekki verði unninn óafturkræfur skaði á þeirri sérstöðu sem Ísland hefur í okkar heimshluta vegna hinna einstöku villtu laxastofna sem styrkja búsetu og veita atvinnu í gegnum verðmætar laxveiðiár.

Það er rétt að áréttta að samkvæmt lögum um náttúruvernd á náttúran að njóta vafans."

**Bestu kveðjur / Best regards**

Gunnlaugur A. Júlíusson

Sveitarstjóri Borgarbyggðar

